

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi, nr. 448/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliður bætist við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.16 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2024/2771 frá 29. október 2024 um breytingu á ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1693 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast, sbr. fylgiskjal 1.16.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utánríkisráðuneytinu, 20. desember 2024.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 1.16.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2024/2771**

frá 29. október 2024

um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Hinn 20. september 2016 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693⁽¹⁾.
- Hinn 10. júní 2024 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 2734 (2024). Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ítrekaði að verknaðir eða starfsemi, sem bendir til þess að einstaklingur, hópur, fyrirtæki eða rekstrareining hafi tengsl við Íslamska ríkið (Da'esh) eða Al-Qaida-samtökin, taki, þegar þau eru framkvæmd af hálfu, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings Al-Qaida-samtökunum, Íslamska ríkinu eða hvers kyns deildum, tengdum hópum, klofningshópum eða hópum sem verða til út frá þeim, til þátttöku í að fjármagna, skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða framkvæma slíka verknaði eða starfsemi, að afhenda, selja eða flytja til vopn og tengd hergögn, eða afla liðsmanna fyrir eða styðja á annan hátt verknaði eða starfsemi Al-Qaida-samtakanna, Íslamska ríkisins eða hvers kyns deildar, tengds hóps, klofningshóps eða hóps sem verður til út frá þeim. Það gerir sér einnig grein fyrir að það að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði sem fela í sér kynferðislegt og kynbundið ofbeldi, þ.m.t. nauðgun, þrælkun og tilvik þar sem fólk er numið á brott og selt mansali, kunni að uppfylla skilyrði fyrir því að verða tilgreind á lista Sameinuðu þjóðanna yfir þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum á grundvelli þessara viðmiða fyrir skráningu, þegar Íslamska ríkið, Al-Qaida-samtökin og einstaklingar, hópar og rekstrareiningar sem tengjast þeim nota slíka verknaði sem aðferð til hryðjuverka.
- Í ljósi þeirrar áframhaldandi ógnar sem stafar af Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast telur ráðið nauðsynlegt að skýra að viðmiðanir vegna beitingar þvingunaraðgerða af hálfu öryggisráðs SP, samkvæmt ályktunum nr. 1267 (1999), 1333 (2000) og 2253 (2015), eða nefndarinnar sem var komið á fót samkvæmt ályktun nr. 1267 (1999), taki einnig til skipulagningar, stjórnunar eða framkvæmdar verknaða sem fela í sér kynferðislegt og kynbundið ofbeldi, þ.m.t. nauðgun, þrælkun og tilvik þar sem fólk er numið á brott og selt mansali, þegar Íslamska ríkið (Da'esh) og Al-Qaida-samtökin og tengdir einstaklingar, hópar og rekstrareiningar nota slíka verknaði sem aðferð til hryðjuverka.
- Því ætti að breyta ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun (SSUÖ) 2016/1693 er breytt sem hér segir:

- Í stað 1. mgr. 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari aðilar sem öryggisráð SP eða nefndin hefur tilgreint og látið sæta ferðatakmarkunum í samræmi við ályktanir nr. 1267 (1999), 1333 (2000) og 2253 (2015) og bent á:

- að taki þátt í að fjármagna, skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða framkvæma verknaði eða starfsemi af hálfu, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings Al-Qaida-samtökunum, Íslamska ríkinu (Da'esh) eða hvers kyns deildum, tengdum hópum, klofningshópum eða hópum sem verða til út frá þeim,
- að afhendi, selji eða flytji til vopn og tengd hergögn til Al-Qaida-samtakanna, Íslamska ríkisins (Da'esh) eða hvers kyns deilda, tengdra hópa, klofningshópa eða hópa sem verða til út frá þeim,
- að afli liðsmanna fyrir eða styðji á annan hátt verknaði eða starfsemi Al-Qaida-samtakanna, Íslamska ríkisins (Da'esh) eða hvers kyns deilda, tengdra hópa, klofningshópa eða hópa sem verða til út frá þeim,
- að taki þátt í verknuðum eða starfsemi skv. viðmiðununum í a-, b- eða c-lið, þ.m.t. í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði sem fela í sér kynferðislegt og kynbundið ofbeldi, þ.m.t. nauðgun, þrælkun

og tilvik þar sem fólk er numið á brott og selt mansali, þegar Íslamska ríkið, Al-Qaida-samtökin og einstaklingar, hópar og rekstrareiningar sem tengjast þeim nota slíka verknaði sem aðferð til hryðjuverka eða

- e) að séu undir stjórn, með beinum eða óbeinum hætti, eða styðji á annan hátt einstaklinga, hópa, fyrirtæki eða rekstrareiningar sem tengjast Al-Qaida-samtökunum eða Íslamska ríkinu (Da'esh), þ.m.t. þá sem eru á listanum yfir þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum.“

2) Í stað 1. mgr. 3. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Frysta skal alla fjármuni, aðrar fjáreignir og efnahagslegan auð sem eru, með beinum eða óbeinum hætti, í eigu eða undir yfirráðum aðila, hópa, fyrirtækja og rekstrareininga sem öryggisráð SP hefur tilgreint og látið sæta frýstingu eigna samkvæmt ályktunum öryggisráðsins nr. 1267 (1999), 1333 (2000) og 2253 (2015) eða nefndin og bent á:

- a) að taki þátt í að fjármagna, skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða framkvæma verknaði eða starfsemi af hálfu, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings Al-Qaida-samtökunum, Íslamska ríkinu (Da'esh) eða hvers kyns deildum, tengdum hópum, klofningshópum eða hópum sem verða til út frá þeim,
- b) að afhendi, selji eða flytji til vopn og tengd hergögn til Al-Qaida-samtakanna, Íslamska ríkisins (Da'esh) eða hvers kyns deilda, tengdra hópa, klofningshópa eða hópa sem verða til út frá þeim,
- c) að afli liðsmanna fyrir eða styðji á annan hátt verknaði eða starfsemi Al-Qaida-samtakanna, Íslamska ríkisins (Da'esh) eða hvers kyns deilda, tengdra hópa, klofningshópa eða hópa sem verða til út frá þeim,
- d) að taki þátt í verknuðum eða starfsemi skv. viðmiðununum í a-, b- eða c-lið, þ.m.t. í að skipuleggja, stjórna eða fremja verknaði sem fela í sér kynferðislegt og kynbundið ofbeldi, þ.m.t. nauðgun, þrælkun og tilvik þar sem fólk er numið á brott og selt mansali, þegar Íslamska ríkið, Al-Qaida-samtökin og einstaklingar, hópar og rekstrareiningar sem tengjast þeim nota slíka verknaði sem aðferð til hryðjuverka eða
- e) að séu í eigu eða undir stjórn, með beinum eða óbeinum hætti, eða styðji á annan hátt, einstaklinga, hópa, fyrirtæki eða rekstrareiningar sem tengjast Íslamska ríkinu (Da'esh) eða Al-Qaida-samtökunum, þ.m.t. þá sem eru á listanum yfir þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum, eða þriðja aðila sem kemur fram fyrir þeirra hönd eða starfar eftir fyrirmælum þeirra.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 29. október 2024.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

BÓKA J.

(¹) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2016/1693 frá 20. september 2016 um þvingunaraðgerðir gegn Íslamska ríkinu (Da'esh) og Al-Qaida-samtökunum og einstaklingum, hópum, fyrirtækjum og rekstrareiningum sem þeim tengjast og um niðurfellingu sameiginlegrar afstöðu 2002/402/SSUÖ (Stjtið. ESB L 255, 21.9.2016, bls. 25).